

## Mat Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík.

Orkuþörf álvers með framleiðslugetu 346.000 tonn/ári er 5.050 GWh/ári samkvæmt skýrslum Skipulagsstofnunar.

Við mat á samsvarandi aflþörf í virkjun notar Skipulagsstofnun nýtingartíma 8.760 klst/ári með orkuþörf upp á 5.050 GWh/ári og fær með deilingu út aflþörf í virkjun upp á 577 MW. Þetta er beinlínis rangt.

Með því að gera ráð fyrir 2% flutningstöpum frá virkjun til álvers þá munu um 100 GWh/ári fara í flutningstöp og framleiðsla í virkjunum þarf að vera 5.150 GWh/ári. Með því að gera ráð fyrir 24ra daga stöðvun á ári til fyrirbyggjandi viðhalds (10 dagar?) og vegna tilfallandi stöðvana fæst nýtingartími virkjunar upp á 8.180 klst/ári sem samsvarar 93,4% nýtingu. Varla má fara herra við ákvörðun um fjárfestingar. Þannig fengist út aflþörf í virkjunum upp á 630 MW. Þarna munar 53 MW miðað við niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem þyrfti að útskýra nánar.

Á móti þessari 630 MW aflþörf gerir Skipulagsstofnun í aðaláliti sínu aðeins grein fyrir Kröfluvirkjun II upp á 150 MW og Þeistareykjum upp á 200 MW eða samtals 350 MW. Þá vantar 280 MW sem er ekkert smáræði. Það mætti gera nánar grein fyrir því í áliti Skipulagsstofnunar hvernig stefnt væri að því að afla þessarar viðbótarorku. Ef hluti af þessari vöntun er Bjarnarflagsvirkjun 90 MW þá hefði Skipulagsstofnun mátt taka það skýrar fram á blaðsíðu 1 í áliti sínu, en sá kafli er nefndur 'Helstu niðurstöður'.

Hitt er svo annað mál að kannski er verið að skoða of stóran áfanga í álveri á þessu stigi; það væri æskilegt að geta byrjað smærri.

Orkujöfnuður í virkjunum lítur þá út eins og sýnt er í töflu 1.

Tafla 1 Orkujöfnuður

Orkuþörf	Orka (GWh/ári)	Afl (MW)
<b>Álver á Bakka</b>	<b>5.050</b>	<b>630</b>
Orkuframleiðsla		
Kröfluvirkjun II	1.200	150
Þeistareykir	1.600	200
Vantar	2.250	280
<b>Samtals</b>	<b>5.050</b>	<b>630</b>

07. des. 2010 Skúli Jóhannsson